

Austurland, 14. september 2023

Mál nr. 156/2023

Efni: Umsögn um áform um lagasetningu - Breyting á búvörulögum nr. 99/1993 - Framleiðendafélög

Samtök smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli - félag heimavinnsluaðila (SSFM/BFB) fengu boð frá Matvælaráðuneytinu um þátttöku í samráði og kölluðu í kjölfarið eftir skoðun félagsmanna á áformunum. Þessi umsögn er byggð á endurgjöfinni sem þau fengu.

SSFM/BFB styðja aðgerðir sem stuðla að aukinni hagkvæmni í rekstri afurðastöðva á þeim örmarkaði sem Ísland er, ef tryggt er að ávinningur þeirrar samvinnu skili sér einnig til bænda og neytenda.

Smáframleiðendur hafi tryggan aðgang að þjónustu afurðastöðva

SSFM/BFB leggja mikla áherslu á mikilvægi þess að tryggja að aukin samvinna leiði **ekki** til þess að þeir sem stunda smáframleiðslu / heimavinnslu matvæla hafi **ekki** tryggan aðgang að þjónustu afurðastöðvanna á sanngjörnu verði.

Í dag er mikill munur á þjónustu og viðmóti afurðastöðva gagnvart þeim sem taka mikið heim; allt frá því að vilja allt fyrir þá gera, til þeirra sem vilja helst ekkert af þeim vita og reyna jafnvel að bregða fyrir þá fæti.

Saman stækkum við og aukum virði markaðarins

Því má halda fram að smáframleiðendur / heimavinnsluaðilar séu í liði með afurðastöðvunum í að þróa, stækka og auka virði markaðarins. Ef þeir geta nýtt sér fjölbreytta þjónustu afurðastöðvanna hafa þeir tók á að auka nýsköpun og fjölbreytni á markaðinum og selja afurðir sínar með fullkomnum rekjanleika. Þannig uppfylla þeir þarfir tiltekinna markhópa, án þess að þurfa að koma upp eigin sláturaðstöðu og/eða kjötvinnslu.

Hindranir mega ekki aukast

Lögin verða því að tryggja að ekki sé hægt að loka á þessa aðila eða setja upp hindranir sem gera þeim erfitt fyrir eða jafnvel ókleift að nýta sér þjónustu afurðastöðvanna.

Bændur þurfa að hafa val um að leggja sín dýr inn og láta afurðastöðina sjá um rest, eða fá afurðirnar meðhöndlaðar og afhentar í samræmi við eðlilegar óskir á sanngjörnu verði og selja þær sjálfir. Hingað til hefur verðmyndun á heimtökugjaldi ekki verið gerð opinber og rétt er að minna á að gjaldið tvöfaldaðist fyrstu árin eftir að félagið *Beint frá býli* var stofnað árið 2008.

Nýlegt dæmi ríflega 50% hækkun á heimtökugjaldi nautgripa á einu ári eftir sameiningu tveggja afurðastöðva sem átti að auka hagræðingu í greininni. Þetta sýnir að engin trygging er fyrir því að slíkt leiði til betra verðs. Í því samhengi má nefna að nýsameinuðu fyrirtæki er skylt að kaupa ákveðið magn

á mánuði af aðila sem var fyrir á markaði. Skoða þyrfti að koma á einhverju sambærilegu gagnvart bændum sem eru að taka skrokkana heim til vinnslu og/eða sölu beint frá býli.

Tryggja rekstrargrundvöll handverkssláturhúsa

Samhliða lagabreytingunni þarf að tryggja að bæði svokölluð handverkssláturhús¹ og sláturhús heima á bæ² geti starfað án þess að á þau séu lagðar óþarfa kvaðir og hindranir sem geri reksturinn óhagkvæman og draga úr áhuga á að koma upp og reka slík hús. Regluverk ESB kemur ekki í veg fyrir það - við erum Evrópumeistarar í því.

Þessu tengt vilja SSFM/BFB benda á að þau taka heilshugar undir lið 15 í umsögn Samkeppniseftirlitsins um sama mál: „Þá er rétt að benda á mikilvægi þess að hugað sé að öðrum leiðum sem stutt geta við framþróun íslensks landbúnaðar. Þar á meðal þarf að gæta þess að lög, reglur, gjaldtaka og aðrar athafnir stjórnvalda styðji við nýsköpun og nýjungar og geti auðveldað bændum að stýra betur framleiðslu sinni, oft neytendum til hagsbóta, s.s. með sölu beint frá býli.“

Þrátt fyrir að hagræðing og samvinna geti verið æskileg, benda SSFM/BFB á eftirfarandi áhættur ef lagabreytingin verður til þess að sláturhúsum fækki enn frekar:

- Samskipti bænda við mjög stór sláturhús geta orðið ópersónulegri og þar með oftast verri
- Vegalengdirnar sem þarf að keyra með lifandi dýr lengjast enn frekar en nú er, með tilheyrandi álagi á dýrin
- Vinnuskilyrði starfsfólk geta orðið verri
- Meiri líkur á því að í þeim starfi fólk sem er alveg sama um dýrin og hagar sér samkvæmt því - ekki bændur eða reynslumikið fólk sem leggur m.a. áherslu á að forðast streitu og hræðslu.

Dæmi um hagræðingu sem endaði á því að vera á kostnað bænda og neytenda:

Sláturbúð afurðastöðvar á var vel sótt og oft löng biðröð í sláturtíð. Eftir sameiningu hennar við aðra afurðastöð var henni lokað og þurfa pantanir í dag að fara í gegnum söludeild sameinaðrar afurðastöðvar. Nú er því ekki lengur hægt sækja í sláturhúsið heldur þarf að sækja til flutningsaðila. Í kjölfarið hefur verið til neytenda á innmat hækkað um og yfir 100%.

F.h. Samtaka smáframleiðenda matvæla og Beint frá býli,

Oddný Anna Björnsdóttir

Framkvæmdastjóri

Orðrétt endurgjöf frá félagsmanni:

„Ég óttast mjög þessa breytingu og hvaða áhrif hún geti haft á lítil fyrirtæki eins og okkar og aðra sem vilja stuðla að fullvinnslu afurða. Með fækkun afurðastöðva eða aukinni samvinnu þeirra á milli, minnkar samkeppni þeirra á milli. Tryggja þarf að þeir sem vilja vinna með afurðirnar og auka verðmæti þeirra séu öruggir með aðgengi að hráefnum frá sláturleyfishöfum og tryggt sé að það sé ekki í höndum þessara fáu leikmanna sem afurðastöðvarnar eru að ákveða örlög þeirra/okkar eins og oft vill verða þegar persónulegir áreksstrar og smáð fara að hafa áhrif.“

¹ sem starfa eftir reglugerð nr. 856/2016 um lítil matvælafyrirtæki og hefðbundin matvæli

² sem starfa eftir reglugerð nr. 846/2023 um slátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum